

Skilmálabreytingar

Léna- og vefhýsingarskilmálar

1. grein Lénaskilmála Vodafone breytast sem hér segir

Var:

Sýn hf. og undirritaður rétthafi gera með sér eftirfarandi samning um lénaviðskipti. Sýn hf. munu tilkynna með hæfilegum fyrirvara um breytingar á skilmálum og þjónustubáttum.

Verður:

Vodafone (Sýn hf.) og undirritaður rétthafi gera með sér eftirfarandi samning um lénaviðskipti. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum og þjónustum. Breytingar eru kynntar á vefsíðunni www.vodafone.is/breytingar með a.mk. mánaðar fyrirvara áður en þær taka gildi.

6. grein Lénaskilmála Vodafone breytast sem hér segir

Var:

Uppsögn á léni ber að tilkynna til Isnic, sjá reglur www.isnic.is. Einnig ber að viðskiptavini segja upp hýsingu léns skriflega til Sýn hf.

Verður:

Uppsögn á léni ber að tilkynna til Isnic, sjá reglur www.isnic.is. Einnig ber viðskiptavini að segja upp hýsingu léns skriflega til Vodafone (Sýn hf.). Öll ábyrgð á að slíkar tilkynningar berist til Vodafone (Sýn hf.) á réttan hátt og á réttum tíma liggur hjá áskrifanda

Ný viðbót í Vefhýsingarskilmála Vodafone og verður framvegis 9. grein

Þar sem þessum skilmálum sleppir gilda að öðru leyti almennir skilmálar Vodafone (Sýn hf.).